Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 24. janúar 2018
R18010107
043

STRÆTÓ bs.
Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri
Þönglabakka 4
109 REYKJAVÍK

***Sameiginlegt útboð um kaup á þjónustu vegna ytri endurskoðunar***

Í september 2017 var auglýst sameiginlegt útboð um kaup á þjónustu við ytri endurskoðun fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir reikningsárin 2018 - 2022. Niðurstaða útboðsins liggur nú fyrir og hefur borgarstjórn samþykkt tillögu endurskoðunarnefndar um að ganga að tilboði Grant Thornton sbr. meðfylgjandi bréf endurskoðunarnefndar.

Sundurliðaða niðurstöðu útboðsins er að finna í meðfylgjandi tilboðsskrá.

Með þessu bréfi er þakkað fyrir þátttöku í útboðinu og minnt á að í samræmi við ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga ber nú að boða til stjórnarfundar þar sem samþykkja skal ráðningu Grant Thornton sem endurskoðunarfyrirtæki fyrir reikningsskil áranna 2018 til og með 2022. Þegar stjórnir allra félags sem tóku þátt í útboðinu hafa samþykkt ráðningu Grant Thornton verður gengið frá verksamningi um þjónustuna sem verður sendur öllum tilnefndum tengiliðum skv. gr. 1.2.6. í útboðslýsingu í til undirritunar.

Vakin er athygli á ákvæði verklýsingar í kafla 2 í útboðslýsingu um að endurskoðunarfyrirtækinu er ekki heimilt að taka að sér önnur störf en útboðið nær til án samþykkis endurskoðunarnefndar vegna hlutverks hennar gagnvart samstæðunni í heild sinni. Það er því á ábyrgð stjórnenda að koma beiðnum um önnur störf til endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar komi slíkt til á samningstíma útboðsins. Beiðnum skal koma á netfangið endurskodunarnefnd@reykjavik.is eða til ritara nefndarinnar Halls Símonarsonar á netfangið hallur.simonarson@reykjavik.is

Virðingarfyllst

Stefán Eiríksson
borgarritari

Hjálagt:
Tilboðsskrá vegna niðurstöðu á útboði á ytri endurskoðunarþjónustu.
Bréf endurskoðunarnefndar Rvkborgar um útboð endurskoðunarþjónustu, dags. 03.01.2018

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík
Sími 411 1111
www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg
Endurskoðunarnefnd

Málsnr.: R18010107
Skjalasafn Ráðhúss
03. jan. 2018
Bréfalykill: 043

Borgarstjórn Reykjavíkur
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. janúar 2018

***Erindi: Útboð endurskoðunarþjónustu***

Eitt af lögbundnum verkefnum endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar er að setja fram tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum. Þar sem ráðningartími núverandi ytri endurskoðenda samstæðu Reykjavíkurborgar og einstakra B-hluta félaga rennur út í árslok 2017 samþykkti borgarstjórn að efna til útboðs að nýju. Útboðið nær til endurskoðunar ársreiknings A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar í samræmi við 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga og endurskoðunar ársreikninga allra B-hluta félaga sem falla innan samstæðu Reykjavíkurborgar.

Útboðið var auglýst í september 2017 og rann tilboðsfrestur út þann 1. nóvember sl. Eftirfarandi tilboð bárust frá fimm endurskoðunarfyrirtækjum og eru fjárhæðir að meðtöldum virðisaukaskatti:

| | |
|---|---|
| KPMG ehf. | kr. 288.968.775 |
| Ernst & Young ehf. | kr. 396.622.643 |
| Grant Thornton endurskoðun ehf. | kr. 270.542.859 |
| PricewaterhouseCoopers ehf. | kr. 236.530.000 |
| Deloitte ehf. | kr. 379.602.141 |

Endurskoðunarnefndin hefur fengið upplýsingar frá innkaupadeild Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar og skrifstofu borgarlögmanns um að formskilyrði lægstbjóðanda séu með þeim annmarka að tilboðið teljist ógilt. Sá aðili sem var með lægsta boð hefur sett fram kæru til kærunefndar útboðsmála og fór meðal annars fram á að útboðsferlið yrði stöðvað þar til úrskurður fengist um kæruefnið. Með ákvörðun dags. 18. desember 2017 hafnaði kærunefndin kröfu um að stöðva útboðið.

Endurskoðunarnefndin hefur gengið úr skugga um að tilboð Grant Thornton endurskoðunar ehf. sem bauð næstlægst uppfylli kröfur til bjóðenda sem settar voru fram í kafla 1.1.16 í útboðslýsingunni. Niðurstaðan hefur verið kynnt Innkauparáði Reykjavíkurbogar sem gerði engar athugasemdir við niðurstöðu nefndarinnar.

Í samræmi við samþykkt borgarstjórnar um endurskoðunarnefnd og ákvæði 5. tl. 108. gr. b í ársreikningalögum nr. 3/2006 um val á endurskoðunarfyrirtæki leggur endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar til við borgarstjórn Reykjavíkur að tilboði Grant Thornton endurskoðunar ehf. verði tekið.

Virðingarfyllst,

f.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar

Ólafur Kristinsson

Ólafur Kristinsson, formaður

# Tilboðsskrá

**Bjóðendur skila inn útfylltri tilboðsskrá, áritaðri af bjóðanda, dagsettri á opnunardegi tilboða. Þegar bjóðandi hefur lokið við að fylla út tilboðsskrá reiknast heildarfjárhæð tilboðs og færist upphæðin sjálfkrafa inn á tilboðsblað.**

## Endurskoðun fyrir reikningsárin 2018-2022:

| | | Verð per. endursk./könnun | Tilboðsverð |
|---|---|---|---|
| 2018-2022 | Endurskoðun A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðureiknings | 8.092.885 kr. | 40.464.425 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Orkuveitu Reykjavíkur samstæða | 945.872 kr. | 4.729.360 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Orkuveitu Reykjavíkur sef. | 9.343.784 kr. | 46.718.920 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun OR Eigna ohf | 755.284 kr. | 3.776.420 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Orku náttúrunnar ohf. | 1.622.763 kr. | 8.113.815 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Veitna ohf | 1.622.763 kr. | 8.113.815 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun á sérstöku uppgjöri vegma dreifiveitu rafmagns til Orkustofnunar | 704.940 kr. | 3.524.700 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Orkuveitu Reykjavíkur - Vatns- og fráveitu sf. | 1.622.763 kr. | 8.113.815 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. | 1.622.763 kr. | 8.113.815 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Reykjavík Energy Invest ehf. | 437.224 kr. | 2.186.120 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Úlfljótsvatns Frítímabyggðar ehf. | 437.224 kr. | 2.186.120 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Félagsbústaða hf. | 3.959.940 kr. | 19.799.700 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Faxaflóahafna sf | 2.951.870 kr. | 14.759.350 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf | 2.429.928 kr. | 12.149.640 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs | 2.951.671 kr. | 14.758.355 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Sorpu bs | 2.426.928 kr. | 12.134.640 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Strætó bs | 2.070.676 kr. | 10.353.380 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Aflvaka hf | 437.224 kr. | 2.186.120 kr. |
| 2018-2022 | Endurskoðun Jörundar ehf | 434.224 kr. | 2.171.120 kr. |
| | **Samtals** | 44.870.726 kr. | 224.353.630 kr. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2019-2022 | Könnun 6 mánaða uppgjör A-hluta Reykjavíkurborgar | 1.923.705 kr. | 7.694.820 kr. |
| 2018-2022 | Könnun 6 mánaða árshlutareikning samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur sef. | 1.337.731 kr. | 6.688.655 kr. |
| 2018-2022 | Könnun 6 mánaða árshlutareikning Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. | 239.549 kr. | 1.197.745 kr. |
| 2018-2022 | Könnun 3 mánaða árshlutareikning samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur sef. | 1.337.731 kr. | 6.688.655 kr. |
| 2018-2022 | Könnun 3 mánaða árshlutareikning Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. | 239.549 kr. | 1.197.745 kr. |
| 2018-2022 | Könnun 9 mánaða árshlutareikning samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur sef. | 1.337.731 kr. | 6.688.655 kr. |
| 2018-2022 | Könnun 9 mánaða árshlutareikning Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. | 239.549 kr. | 1.197.745 kr. |
| 2018-2022 | Könnun 6 mánaða árshlutareikning Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins | 704.103 kr. | 3.520.515 kr. |
| 2018-2022 | Könnun árshlutareikninga Félagsbústaða hf. | 1.301.256 kr. | 6.506.280 kr. |
| 2018-2022 | Könnun árshlutareikninga Sorpu bs | 576.941 kr. | 2.884.705 kr. |
| | **Samtals** | 9.237.845 kr. | 44.265.520 kr. |

**Heildarfjárhæð tilboðs árin 2018-2022 (færist á tilboðsblað):** **268.619.150 kr.**

## B. Einingarverð fyrir önnur störf sbr. kafla 2 í útboðslýsingu

| | |
|---|---|
| B1. Lögg. endurskoðendur | 28.396 kr. |
| B2. Sérfræðingar reynsla yfir 3 ár. | 18.600 kr. |
| B3. Sérfræðingar | 14.880 kr. |
| Aðrir starfsmenn | 9.920 kr. |

Komi til þess að rekstrareining verði aflögð eða seld út úr samstæðu Reykjavíkurborgar á samningstímabilinu skal samningsfjárhæðin þá lækka um samsvarandi fjárhæð og boðið var í viðkomandi einingu í tilboðsskrá.

Bjóðandi og dagsetning: ______________________

Undirskrift bjóðanda: ______________________